

**Þetta verkefni byggir á síðasta umræðutíma og listanum sem við settum saman þar um alls konar ólíka kvikmyndaflökka. Nú vil ég að þið veljið ykkur einn flokk - alveg sama hvern - og skrifið niður allt sem ykkur finnst tilheyrja þeim flokki. Búið til nokkurs konar skrá yfir þær klisjur, hefðir og þætti sem þið hugsið um þegar þið hugsið um þann kvikmyndaflökk.**

Frásagnamyndir, eða myndir sem segja sögu, er hægt að skipta upp í marga flokka, svo sem glæpamyndir, spennamyndir og rómantískar myndir. Aðalatriði slíkra mynda er að segja sögu umfram það að huga að fagurfræðilegum atriðum. Myndir sem leggja fyrst og fremst áherslu á fagurfræðina tilheyrja flokki tilraunamynda. Á mörkum þessara tveggja flokka falla myndir þar sem sögur eru sagðar og um leið hugað að fagurfræðilegum þáttum. Þessar myndir hafa ekki alltaf átt upp á pallborðið í almennum kvikmyndahúsum, en kvikmyndaklúbbar ýmsir hafa tekið þær til sýninga og kynnt þær fyrir almenningi. Sem dæmi um slíkan kvikmyndaklúbb má nefna Fjalarköttinn sem starfaði í Reykjavík á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Segja má að starfsemi þess kvikmyndaklúbbs hafi verið nokkurs konar kvikmyndaskóli sem mótaði kvikmyndasmekk margra á þessum árum.

Í þessu verkefni mun ég reyna af veikum mætti að fjalla um frásagnamyndir sem segja sögu á fagurfræðilegan hátt. Ég ætla að reyna að finna út hvað einkennir slíkar myndir og hvers vegna þær höfðu til mín. Spurningin sem ég leitast við að svara er: Hvað gerir þær myndir sem sýndar voru í Kvikmyndaklúbbi Fjalarkattarins sérstakar og hvers vegna voru þær valdar til sýninga þar?

1. Sagan, eða myndefnið sem unnið er með er vandlega valið eða skrifað og höfundur handrits/sögu hefur ríka þörf til að tjá sig og koma boðskap sínum á framfæri.
2. Kvikmyndin kemur sögunni til áhorfandans og þegar sá síðarnefndi gengur út úr kvikmyndasalnum, þá hefur hann orðið fyrir reynslu sem mótar líf hans eftir það.
3. Þessar kvikmyndir segja sögu á áhrifaríkan og ófyrirsjáanlegan hátt, þannig að áhorfandinn fær ekki á tilfinninguna að hann hafi horft á sambærilega mynd oft áður.
4. Myndefnið lýtur ekki hefðbundnum lögmálum Hollywood um uppsetningu, það er því er ekki hægt að skipta því upp í tiltekinn fjölda þrepa og vendipunkta.
5. Í kvikmyndinni er ekki reynt að segja söguna í smáatriðum, áhorfandanum er látið eftir að ráða í eyðurnar og velta fyrir sér persónum og atburðum. Þannig fer það eftir hverjum og einum hvernig hann túlkar og hvað hann leggur upp úr því sem kvikmyndin ber á borð hans.

6. Myndefnið er táknrænt og áhorfandanum er eftirlátið að hugleiða um hvað verkið er og sýnist þá sitt hverjum. Þannig lifir verkið áfram í hugum áhorfenda og skilningur þeirra dýpkar við að ræða um og hugleiða verkið. Það er engu líkara en að listaverkið opni áhorfandann og kalli fram í honum reynslu sem hann hefur ekki lifað sjálfur.
7. Leikarar eru oft á tíðum óþekktir og jafnvel ólærðir líka. Þekktir leikarar bera með sér fyrirfram ákveðnar hugmyndir hjá áhorfendum og trúlega eru þess vegna óþekktir leikarar valdir í hlutverk.
8. Samtöl á milli persóna myndarinnar segja ekki alla söguna því svipbrigði leikara og líkamstjáning þeirra skiptir höfuðmáli. Búningar persóna, umhverfi þeirra og myndmálið allt á líka sinn þátt í að koma myndefninu á framfæri.
9. Persónurnar í kvikmyndinni eru sterkar og velmótaðar og þær lifa með áhorfandanum áfram. Það er engu líkara en áhorfandinn hafi kynnst þeim sjálfum og þær fylgja honum áfram í lífinu.
10. Myndatakan er listræn og senurnar áhrifaríkar. Þær virka djúpt á þann sem horfir og sitja fastar í vitund hans eftir það.
11. Klippingin skiptir miklu máli og sagan er sögð með sterku myndflæði.
12. Tónlistin tengist myndefninu og setur áhrifaríkan blæ á atriði myndarinnar. Í sumum myndum er eins og tónlistin opnast á nýjan hátt fyrir áhorfendum, slíkur er áhrifamáttur samspils myndar og hljóðs.
13. Oft á tíðum hafa kvikmyndagerðarmenn slíkra mynda lítið fé á milli handanna og þeir reyna að gera sem mest úr því sem þeir hafa. Aðalatriði þeirra er að tjá það sem fólgið er í myndefninu á sinn persónulega hátt.
14. Tæknin við gerð myndarinnar skiptir ekki höfuðmáli. Það er einlægni þeirra sem standa að myndinni sem skilar sér með þeirri tækni sem þeir hafa yfir að ráða.
15. Í stuttu máli má segja að kjarni þessarar kvikmyndagerðar sé að þar eru listamenn að tjá sig og koma sínum hugðarefnum á framfæri við áhorfandann. Listaverkið hefur mótandi áhrif á þann sem meðtekur það af einlægni.

Við gerð þessa verkefnis fóru að renna upp í hugskotin ýmsar myndir sem ég sá á þessum árum. Ég fann að þau áhrif sem þessar myndir höfðu á mig þá hafa mótað mig sem manneskju og haft áhrif á það hvernig ég horfi á mannheimana sem við lifum í. Sem dæmi þá þykir mér ennþá undur vænt um Derzu Usala sem samnefnd mynd Akira Kurosawa fjallar um, og tilhugsunin um drenginn Dodeskaden í samnefndri mynd eftir sama leikstjóra fær mig enn til að vikna. Myndir sem hafa slík áhrif á áhorfanda mörgum áratugum eftir að hann horfir á þær, eru listaverk þar sem fagurfræðilegir þættir eru notaðir til að koma sögu á framfæri.

Reykjavík 25. október 2016

Sigurlaug Kristmannsdóttir